

Nd.

436. Frumvarp til laga

[208. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. lög nr. 72 1984, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein er verður 11. gr. og orðast svo:

Aðalskrifstofur og stjórnstöð Hafrannsóknastofnunar skulu vera á Ísafirði en stofnunin skal reka útibú í Reykjavík og í öðrum landshlutum samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

2. gr.

Ákvæði laga þessara koma til framkvæmda 1. janúar 1988.

Greinargerð.

Lengi hafa legið fyrir hugmyndir og tillögur um að draga úr miðstýringu í ríkisbúskapnum með því að flytja nokkrar ríkisstofnanir út á landsbyggðina þangað sem eðlilegur starfsvettvangur þeirra er vegna landshátta og atvinnulífs. Má í því sambandi m.a. benda á álitsgerð og tillögur sérstakrar nefndar sem skipuð var í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, hinnar fyrri, og fjallaði um flutning ríkisstofnana út á land. Þó að þessar tillögur hafi lengi legið fyrir og áhugi sé á málinu, a.m.k. í orði, hefur aldrei neitt orðið úr athöfnum.

Í athyglisverðri grein í Morgunblaðinu fyrir skemmstu setur Júlíus Sólnes, verkfræðingur og bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, fram óvenjulega kenningu um þessi mál — sem sé þá að fyrst og fremst sé við þingmenn landsbyggðarinnar að sakast að ýmsar stofnanir, sem þjóna eigi landsbyggðinni, séu settar niður í Reykjavík. Þessi fullyrðing Júlíusar er ekki eins fráleit og ætla mætti. Þingmenn landsbyggðarinnar hafa jafnan haft sterka stöðu á Alþingi ef þeir stæðu saman sem einn hópur, en því miður hefur sú samstaða sjaldan orðið. Hagsmunirnir, sem ættu að sameina þá, hafa nefnilega oftar en ekki valdið sundrunu. Hver þingmannahópur um sig hefur haldið fram sjónarmiðum sinnar heimabyggðar og það viðhorf verið ráðandi að ef viðkomandi stofnun fengist ekki flutt í það hérað væri betra að hafa hana í Reykjavík en annars staðar á landsbyggðinni. Þetta er síður en svo afstaða þingmanna einna, heldur margra sveitarstjórnarmanna og annarra af landsbyggðinni. Þar heyrir t.d. allt of oft það viðhorf að vegna greiðari samgangna við Reykjavík en milli landsbyggðarhéraðanna sé ákjósanlegra að hafa flestar eða allar opinberar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu fremur en í einhverjum öðrum landshluta, fáist þær á annað borð ekki fluttar svo að segja heim að dyrum viðkomandi.

Meðan þetta viðhorf ríkir hjá fulltrúum landsbyggðarinnar á Alþingi og í sveitarstjórn-um útiloka landsbyggðarkjördæmin hvert annað í þessum efnum og enginn stofnanaflutningur út á land getur átt sér stað. Þetta viðhorf verður að breytast. Landsbyggðarmenn verða að styðja hver annan í slíkum málum. Í þessu þingmáli er aðeins gerð tillaga um flutning á einni stofnun í kjördæmi flutningsmanns — en hann vill taka skýrt fram að hann er þeirrar skoðunar að með sama hætti og miðstöð hafrannsóknna eigi að vera á Ísafirði sé eðlilegt, svo að nokkur dæmi séu nefnd, að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins séu á Egilsstöðum og samkomulag ætti að geta orðið um að Byggðastofnun verði valinn staður á Akureyri þar sem er stærsti byggðar- og þjónustukjarni landsbyggðarinnar. Lýsir flm. sig fúsan til þess að standa að og styðja slíkar breytingar komi fram um það tillögur, enda er það hans skoðun að landsbyggðarmenn verði að sameinast um skynsamlega stefnumótun í slíkum málum ef nokkur árangur eigi að nást.

Megintilgangur þessa frv. er einfaldur og ljós. Hann er sá að aðalskrifstofum og stjórnsýslustöð Hafrannsóknastofnunarinnar verði valinn staður á Ísafirði en útibú frá stofnuninni verði starfrækt í Reykjavík og einnig á öðrum stöðum eftir því sem stjórn stofnunarinnar telur rétt vera. Margt mælir með því að Ísafjörður verði valinn sem aðalstarfsvettvangur fyrir þessa stofnun. Þar er sjávarútvegur aðalatvinnuvegur og menn hafa þar langa reynslu af sambýlinu við hafið og nýtingu auðlinda þess. Í næsta nágrenni eru einhver gjöfulustu fiskimið landsins og við Djúp eru einhverjar fullkomnustu fiskverkunarstöðvar í eigu Íslendinga. Ýmis vísindaleg starfsemi hefur risið upp í tengslum við þessar stöðvar og sjósókn og fiskvinnslu Djúpverja: rannsóknir á sjávardýrum og sjávarlífi, rannsóknir og tilraunir með veiðarfæri og rannsóknir og framleiðsla á tölvubúnaði til nota við fiskvinnslu og fiskveiðar.

Flutningur Hafrannsóknastofnunar á þessar slóðir mundi styrkja mjög alla þessa starfsemi og ekki síst auka tengsl atvinnulífsins og hagnýtrar rannsóknarstarfsemi í þágu þess við vísindastörf á vettvangi hafrannsókna báðum aðilum til ótvíræðs gagns.

Að sjálfsgöðu taka breytingar eins og þær sem frv. gerir ráð fyrir nokkurn tíma og því er lagt til að ákvæði frv. um flutning Hafrannsóknastofnunar taki ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 1988.